

3. gr. Leikskólar.

Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skóla-byggingum með 2 metra nálægðartakmörkum milli starfsfólks. Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun milli starfs-fólks skal það notast við andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við leikskólabörn. Ekki skulu vera fleiri en 10 fullorðnir einstak-lingar í hverju rými, ~~þó er starfsmönnum heimilt að fara milli hópa. Ekki skulu vera fleiri en 50 leikskólabörn í hverju rými.~~ Nálægðar-takmörkun tekur ekki til barna á leikskólaaldri. Ákvæði um ~~blöndun hópa~~, grímu-skyldu og nálægðartakmörkun gilda ekki á útisvæðum leikskóla.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis-eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að minnst 2 metra nálægðartakmörkun jafnt sín á milli sem og gagnvart starfsfólki. Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun og skal það vera sama foreldrið sem fylgir barninu allt aðlögunartímabilið.

Stjórnendum leikskóla er heimilt að krefja foreldra um að nota andlitsgrímur.

Aðrir en starfsmenn sem koma inn á leikskóla, svo sem starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélaga og vegna vöruflutninga, skulu gæta að 2 metra nálægðartakmörkun og bera andlitsgrímur.

Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og milli hópa í sama rými.

Skipulagt íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á leikskólaaldri er heimilt, ~~þó að hámarki 50 börn saman. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og er í leikskólastarfi.~~

4. gr. Grunnskólar.

Grunnskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með 2 metra nálægðartakmörkum, milli starfsfólks og nemenda í 8.–10. bekk og milli nemenda í 8.–10. bekk. Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun skv. 1. málsl. skulu kennarar ~~og nemendur í 8.–10. bekk~~ notast við andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við nemendur í 1.–7. bekk. Ekki skulu vera fleiri en 10 starfsmenn í hverju rými, þó er starfsmönnum heimilt að fara milli hópa.

Nemendur í ~~1.–7.~~ **1.- 10.** bekk eru undanþegnir 2 metra nálægðartakmörkun sem og grímuskyldu. Ekki skulu vera fleiri en 50 nemendur í 1.–4. bekk í hverju rými.

~~Um nemendur í 8.–10. bekk gildir 2 metra nálægðartakmörkun en ef víkja þarf frá henni ber nemendum að nota grímu.~~

Ekki skulu vera fleiri en 25 nemendur í 5.–10. bekk í hverju rými.

- 4. gr. framhald Grunnskólar.

Í sameiginlegum rýmum skóla, svo sem við innganga, í anddyri, á salerni og göngum, er heimilt að víkja frá fjöldatak-mörkun og reglu um blöndun hópa að því gefnu að nemendur í 8. 10. bekk og starfsfólk notist við andlitsgrímu. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að framfylgja nálægðar-tak-mörkun, svo sem í verklegri kennslu og listkennslu, skulu kennarar og nemendur í 8. 10. bekk nota andlitsgrímu. Á útisvæðum grunnskóla gilda ekki ákvæði um blöndun hópa, grímuskyldu eða nálægðartakmörkun milli nemenda.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Stjórnendum grunnskóla er heimilt að krefja foreldra, þurfi þeir að koma inn í skóla-bygg-ingu, um að nota andlitsgrímur. Aðrir en starfsmenn sem koma inn í grunnskóla, svo sem kennarar tónlistarskóla sem koma inn í grunnskóla með einstaklingskennslu, starfsfólk skólapijónustu sveitar-félaga og vegna vöruflutninga, skulu bera andlitsgrímur.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til frístundaheimila fyrir nemendur í 1.–4. bekk. Halda skal sömu hópa-skiptingu nemenda í grunnskólastarfi, í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum þannig að ekki verði blöndun milli nem-enda-hópa.

Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og milli hópa í sama rými.

Skipulagt íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf barna á grunn-skóla-aldri er heimilt, þ.e. að hámarki 50 börn í 1.–4. bekk og að hámarki 25 í 5.–10. bekk. Ekki þarf að halda sömu hópaskiptingu og er í grunnskólastarfi.

Mötuneyti er heimilt að starfa samkvæmt gildandi ákvæðum um fjöldatakmarkanir og nálægð-ar-takmarkanir.